

Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, á ársfundi Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands 2020.

Haldinn í fjarfundi þriðjudaginn 12. maí 2020 kl. 8.30 til 10.

Mennta- og menningarmálaráðherra, ágætu gestir og samstarfsfólk.

Það er ánægjulegt að vera hér með ykkur á ársfundi Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands sem haldinn er í ár með breyttu sniði. Starfsfólk rannsóknasetra og samstarfsfólk þeirra á landsbyggðinni er auðvitað vant því að nota fjarfundarbúnað í sinni starfsemi og það er því vel við hæfi að Stofnunin haldi sinn ársfund við þessar aðstæður í fjarfundi.

Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands var sett á fót upp úr síðustu aldamótum og hóf fyrsta setrið starfsemi á Höfn í Hornafirði haustið 2001 með einum starfsmanni. Óhætt er að segja að Starfsemi rannsóknasetrana hafi eflst og sannað gildi sitt við eflingu rannsókna, háskóla- og atvinnustarfsemi víða um land og aukið tengsl skólans við sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga á umliðnum tæpum tveimur áratugum. Nú svo komið að Háskóli Íslands starfrækir níu rannsóknasetur um allt land. Viðfangsefni rannsóknasetrana eru jafn fjölbreytt og þau eru mörg, en setrin fást m.a. við rannsóknir á lífríki hafsins, umhverfi og landnýtingu, hvöllum, fiskum og fuglum, ferðamálum, bókmenntum, sagnfræði, fornleifafræði og þjóðfræði, svo nokkuð sé nefnt. Á síðasta ári störfuðu 37 starfsmenn við rannsóknasetrin ýmist í fullu starfi eða hlutastarfi. Þá nýtti fjöldi meistara- og doktorsnema sér starfsaðstöðuna á setrunum, auk þess sem erlendir fræðimenn dvöldu við þau um lengri eða skemmri tíma.

Háskóli Íslands leggur ríka áherslu á að þjóna landinu öllu – og að vera þannig í reynd háskóli allra landsmanna. Þessi ásetningur kemur skýrt fram í núverandi stefnu Háskóla Íslands, en eitt meginmarkmið hennar er að „Háskólinn sé leiðandi afl í framþróun samfélagsins sem vettvangur nýrra hugmynda og lifandi samstarfs rannsakenda, nemenda, atvinnulífs, stofnana og þjóðlífs“. Háskóli Íslands lítur á rannsóknasetur sín á

landsbyggðinni sem mikilvægan þátt í að hrinda þessu markmiði í framkvæmd. Það er lykilatriði fyrir Háskóla Íslands að eiga gott samstarf við sveitastjórnir, atvinnulíf og heimamenn um rekstur rannsóknasetranna. Aðeins þannig næst sá árangur sem við væntum af starfsemi þeirra. Á árinu voru gerðir mikilvægir samstarfssamningar við sveitarfélögin Bolungarvíkurkaupstað og Skagaströnd. Það er sannfæring Háskóla Íslands að rannsóknasetur hans auðgi atvinnulíf, menningu og mannlíf í byggðunum þar sem þau starfa og stuðli þannig að farsælu og blómlegu samfélagi.

Góðir gestir.

Þrátt fyrir fjölgun starfsfólks hefur markmiðið um að á hverju rannsóknasetri séu tveir fastir starfsmenn enn ekki verið náð. Fjármögnun gegnir veigamiklu hlutverki við eflingu rannsókna og nýsköpunar og áhersla hefur verið á uppbyggingu rannsóknaaðstöðu og annarra innviða rannsóknasetranna á undanförunum árum. Mikilvægt er að treysta enn rekstur rannsóknasetranna til að gera þeim kleift að ná að fjölga fastráðnu fólki, efla innviði og þar með styrkja enn frekar starfsemi setranna. Bind ég miklar vonir við þær fyrirætlanir að Breiðdalsetur verði hluti Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands, sem tíunda rannsóknasetur skólans á landsbyggðinni með áherslu á jarðvísindi og málvísindi. Þá er sömuleiðis í undirbúningi spennandi rannsóknaverkefni á vegum Stofnunarinnar í Vestmannaeyjum sem vonandi verður vísir að áframhaldandi starfsemi rannsóknasetranna í Eyjum.

Ég vil að lokum þakka starfsfólki rannsóknasetra Háskóla Íslands og ráðgefandi nefnd stofnunarinnar fyrir frábært starf á umliðnum árum. Sérstaklega vil ég þakka þeim Önnu Dóru Sæþórsdóttur, fráfarandi formanni, prófessor og deildarforseta Líf- og umhverfisvísindadeildar, og Sigurði Sigursveinssyni, framkvæmdastjóra Háskólafélags Suðurlands, fyrir þeirra framlag og vinnu í ráðgefandi nefnd Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands á undanförunum árum. Sæti þeirra í nefndinni hafa nú tekið Guðmundur Hálfðanarson, forseti Hugvísindasviðs Háskóla Íslands, sem formaður, og Guðrún Þóra Gunnarsdóttur, forstöðumaður Rannsóknamiðstöðvar ferðamála, og býð ég þau innilega velkomin.